

## Tillaga til þingsályktunar

### um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Indlands.

Frá utanríkisráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Indlands sem undirritaður var 10. mars 2024 í Nýju-Delí á Indlandi.

#### Greinargerð.

##### 1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjanna og Indlands sem undirritaður var í Nýju-Delí á Indlandi 10. mars 2024. Tillaga þessi var fyrst lögð fyrir ríkisstjórnarfund 4. október 2024 en ekki vannst tími til að ljúka afgreiðslu hennar fyrir þinglok. Er tillagan því endurflutt nú. Meginmál fríverslunarsamningsins er birt sem fylgiskjal I með tillögu þessari og ensk útgáfa sem fylgiskjal II. Viðaukar við samninginn verða sendir utanríkismálanefnd og birtir á vef Alþingis.

EFTA-ríkin og Indland hófu viðræður um gerð fríverslunarsamnings haustið 2008. Viðræðurnar stóðu yfir með hléum allt fram á fyrri hluta árs 2024 þegar samkomulag loksins náðist. Samningurinn kveður á um gagnkvæma niðurfellingu, lækkun og bindingu tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar og óunnar landbúnaðarvörur. Þannig munu tollar á hvers kyns sjávarafurðir og iðnaðarvörur, sem fluttar eru út frá Íslandi til Indlands, falla niður eða lækka umtalsvert, ýmist frá gildistöku samningsins eða í reglulegum skrefum yfir aðlögunartíma. Það sama á við um tiltekna landbúnaðarvörur sem framleiddar eru hér á landi og eru fluttar út.

Útflutningur á vörum frá Íslandi til Indlands hefur jafnan verið lítill en merkja má aukningu undanfarin ár sem samanstendur að megninu til af kísiljárni og lýsi. Innflutningur frá Indlandi hefur á hinn bóginn verið meiri. Með gagnkvæmri niðurfellingu og lækkun tolla skapar samningurinn forsendur fyrir auknum viðskiptum milli ríkjanna.

EFTA-ríkin, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, hafa nú gert 31 fríverslunarsamning við alls 42 ríki, að samningnum við Indland meðtöldum.

##### 2. Nánar um fríverslunarsamninginn.

Efni fríverslunarsamningsins skiptist í 14 kafla og 16 viðauka þar sem m.a. er kveðið á um vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, eflingu fjárfestinga, vernd hugverka og viðskipti og sjálfbæra þróun, auk ákvæða um sameiginlega nefnd samningsaðila og lausn deilumála.

Í formálsorðum samningsins er gerð grein fyrir ýmsum forsendum og markmiðum samningsaðila við gerð samningsins. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Lýst er yfir sameiginlegri fyrirætlan um að efla tengsl milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Indlands hins vegar með því að koma á nánum og varanlegum tengslum.
- Árétuð eru réttindi og skyldur hvers samningsaðila samkvæmt þjóðarrétti, þ.m.t. eins og fram kemur í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Samningsaðilar áréttá þá skuldbindingu sína að stefna að markmiðinu um sjálfbæra þróun sem hvílir á stöðum efnahagsþróunar, félagslegrar þróunar og umhverfisverndar sem styðja hver aðra.
- Ítrekaður er vilji samningsaðila til að beita ákvæðum samningsins í samræmi við markmið um vernd umhverfisins og hagkvæma auðlindanýtingu.
- Ítrekað er markmið um að efla samkeppnishæfni ríkjanna og fyrirtækja innan þeirra á heimsmörkuðum og skapa skilyrði sem hvetja til efnahagslegra tengsla, viðskiptatengsla og tengsla á sviði fjárfestinga milli þeirra.
- Ítrekaðar eru sameiginlegar væntingar um að samningurinn muni stuðla að því að unnt verði að draga úr fátækt, skapa ný atvinnutækifæri, bæta lífskjör og tryggja góðar og auknar rauntekjur á yfirráðasvæðum samningsaðila með auknum viðskiptum og fjárfestingum.

### 2.1. Kaflar samningsins.

Í 1.–5. kafla og viðaukum 2A–2F er að finna almenn ákvæði og ákvæði um niðurfellingu tolla og önnur ákvæði tengd viðskiptum með vörur. Auk ákvæða um tollaniðurfellingar eru þar ákvæði um m.a. upprunareglur, úrræði gegn undirboðum og jöfnunartolla, tæknilegar viðskiptahindranir, ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna og viðskiptalíprun. Kveðið er á um gagnkvæma niðurfellingu og bindingu tolla af hvers kyns iðnaðarvörum og sjávarafurðum sem framleiddar eru í ríkjum samningsaðila og fluttar inn til gagnaðila. Tollar munu jafnframt falla niður af tilteknum landbúnaðarvörum sem framleiddar eru til útflutnings hér á landi, svo sem lambakjöti, vörum úr sjávarþara, drykkjarvatni og óáfengum drykkjum.

Í 6. kafla og viðaukum 6A–6G eru ákvæði um þjónustuviðskipti, þ.m.t. skuldbindingar samningsaðila hvað varðar markaðsaðgang til handa þjónustuveitendum frá ríkjum gagnaðila, svo og rétt til stofnsetningar fyrirtækja í landi gagnaðila. Í þeim er að mestu byggt á skuldbindingum ríkjanna samkvæmt ákvæðum GATS-samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um þjónustuviðskipti.

Kafla 7 og viðauki 7A fjalla um eflingu fjárfestinga og samvinnu á því sviði. Um nýstárlegan kafla er að ræða í fríverslunarsamningum EFTA en samkvæmt honum skuldbinda EFTA-ríkin sig til að stuðla í sameiningu að auknum fjárfestingum fyrirtækja frá EFTA-ríkjunum á Indlandi með það fyrir augum að styðja við efnahagsþróun, nýsköpun og græn umskipti á Indlandi. Á sama tíma mun Indland stuðla að hagstæðum skilyrðum til fjárfestinga, m.a. með sérstöku þjónustuveri fyrir fjárfesta frá EFTA-ríkjunum. Stefnt er að því að uppsafnaðar beinar erlendar fjárfestingar frá EFTA-ríkjunum á Indlandi nemi 100 milljörðum Bandaríkjadala 15 árum frá gildistöku samningsins og að fjárfestingar frá EFTA-ríkjunum stuðli að því að ein milljón starfa verði til á Indlandi yfir sama tímabil.

Í 8. kafla og viðauka 8A eru ákvæði um vernd hugverka. Þau byggjast á ákvæðum TRIPS-samnings WTO um hugverkarétt í viðskiptum. Samningsaðilarnir skulu kveða á um fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar gagnvart eigin ríkisborgurum eða ríkisborgurum annarra.

Í 9. kafla er fjallað um opinber innkaup. Samningurinn felur ekki í sér skuldbindingar um markaðsaðgang að opinberum útboðum heldur sammælast samningsaðilar um mikilvægi

opinberra innkaupa við að ýta undir útbreiðslu framleiðslu og viðskipta til að stuðla að hagvexti og atvinnu og sammælast um að efla gagnkvæman skilning á lögum sínum, reglugerðum og samningum um opinber innkaup.

Í 10. kafla er kveðið á um samkeppnismál. Áréttað er að samráð milli fyrirtækja sem leiðir til röskunar á samkeppni sem og misnotkun á markaðsráðandi stöðu sé ósamrýmanlegt markmiðum samningsins. Jafnframt er kveðið á um samvinnu milli ríkjanna á sviði samkeppnismála, m.a. með gagnkvæmum upplýsingaskiptum milli samkeppnisyrvalda ríkjanna.

11. kafli fjallar um viðskipti og sjálfbæra þróun. Kveðið er á um að samningsaðilar skuli stuðla að sjálfbærri þróun sem nái til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar og umhverfisverndar þar sem allir þrír þættirnir séu háðir hver öðrum. Einnig er að finna ákvæði um mikilvægi kynjasjónarmiða í opinberri stefnumótun svo að efla megi þátttöku kvenna í hagkerfinu og alþjóðaviðskiptum. Samningsaðilar áréttá enn fremur skuldbindingar sínar samkvæmt fjölþjóðlegum samningum og grundvallarreglum tengdum umhverfi og vinnumarkaði og ábyrgjast að viðhalda verndarstigi þeirra, jafnframt því sem ítrekað er að ríkin hafi fullan rétt til þess að setja eigin umhverfis- og vinnuverndarlöggjöf. Tekið er fram að samningsaðilar skuli virða, halda fram og framkvæma grundvallarviðmið og réttindi við vinnu sem felst í grunnsamþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og staðfesta þá skuldbindingu sína að innleiða skilvirkt í lög sín og starfshætti þær samþykktir stofnunarinnar sem þeir hafa fullgilt.

Í 12.–14. kafla eru ákvæði um m.a. framkvæmd samningsins, lausn deilumála, breytingar á samningnum og gildistöku hans. Sett er á stofn sameiginleg nefnd ríkjanna sem ætlað er að fjalla um framkvæmd samningsins, t.d. einstök vandamál í viðskiptum milli ríkjanna. Kveðið er á um lausn ágreiningsmála um túlkun og beitingu samningsins í formi sáttumleitana eða eftir atvikum með stofnun gerðardóms ef samkomulag næst ekki með öðrum hætti.

### **Fylgiskjal I.**

#### **Samningur um viðskipti og efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Lýðveldisins Indlands.**

[www.althingi.is/alttext/pdf/156/fylgiskjol/s0091-f\\_I.pdf](http://www.althingi.is/alttext/pdf/156/fylgiskjol/s0091-f_I.pdf)

### **Fylgiskjal II.**

#### **Trade and Economic Partnership Agreement between the EFTA States and the Republic of India.**

[www.althingi.is/alttext/pdf/156/fylgiskjol/s0091-f\\_II.pdf](http://www.althingi.is/alttext/pdf/156/fylgiskjol/s0091-f_II.pdf)